Til að skrá börn í frístundabíl í gegnum Völu vetrarfrístund er farið á slóðina:
https://fristund.vala.is/umsokn/#/login og innskráning gerð með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.




Þegar komið er inn í Völuna þarf að athuga að sveitarfélagið Garðabær sé valið í fellilista ofarlega vinstra megin. Svo er smellt á „Frístundaakstur“ og næst á „Skráning“ ofarlega hægra megin.




Barn sem á að skrá í frístundabílinn er valið úr fellilista, aðeins börn sem eru með sama lögheimili og sá sem skráir koma upp í skráningarferlinu. Þá eru settar inn upplýsingar um barnið, hvaðan barnið fer (frá hvaða frístundaheimili/skóla), hvert það er að fara, í hvaða frístund og tímasetningar á brottför valdar. Svo er fyllt út upplýsingaform um aðstandendur neðar á síðunni og skráningin staðfest. Alltaf er hægt að fara aftur inn á sama stað og breyta eða uppfæra skráningu, athugið að mjög mikilvægt er að skráningin sé rétt.

